

7. fundur hafnarstjórnar Langanesbyggðar. Haldinn 18.07.2012 á skrifstofu Langanesbyggðar kl. 12.00.

Mættir: Rafn Jónsson formaður, Jónas Jóhannsson, Friðrik Jónsson, Steinn Karlsson hafnarvörður, og Gunnólfur Lárusson, sveitarstjóri (hafnarstjóri), sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og spurði hvort athugasemdir væru gerðar við boðun fundarins. Svo var ekki.

Dagskrá:

1. Skemmd á höfn.

Viðgerðir vegna skemmda er urðu á höfninni á Þórshöfn 8. okt. 2011 ganga vel og lýkur þeim væntanlega í þessum mánuði. Mikil umræða fór fram um hvernig best sé að standa að málum þegar svona óhöpp verða. Sveitarstjóra falið að útbúa verkferla til að tryggja hagsmuni hafnarinnar.

2. Vegur að hafnarsvæði .

Sveitarstjóri lagði fram drög að nýrri aðkomu að höfninni á Þórshöfn. Nokkur umræða fór fram um drögin. Samþykkt samhljóða að fela sveitarstjóra og formanni að vinna áfram í málinu.

3. Starfsmannamál.

Hafnarvörður Bakkarfjarðar hefur sagt upp störfum frá og með 1.júlí nk. og hafnarvörður Þórshafnar frá og með 1. ágúst nk. Sveitarstjóri vinnur að starfslýsingu fyrir hafnarstjóra á Þórshöfn og á Bakkafirði.

4. Dýpkun 2013

Farið var yfir stöðu mála og stefnt að því að fá mælingu á höfnunum á þessu ári.

5. Önnur mál.

- Sjóvarnir við Bakkaveg . Byrjað verður á verkinu í seinni hluta júlímánaðar eða í byrjun ágúst.
- Rafmagn á varnargarði. Sveitarstjóra falið að skoða málið.
- Rætt var um hvað mætti betur fara í vikinni við suðurgarðinn við hlið útrásarinnar á Fjarðarvegi.
- Sveitarstjóri sagði frá því að kaupa hefði þurft nýja vog fyrir höfnina á Bakkafirði.
- Nokkur umræða fór fram um hvort höfnin væri orðin það stór að þörf væri fyrir hafnsögubát.

Fundargerðin upplesin og samþykkt. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:45